

Lög Íþróttafélagsins Gerplu

1. Heiti félagsins

1.1. Félagið heitir íþróttafélagið Gerpla með lögheimili að Versöllum 3, 201 Kópavogi.

2. Markmið

2.1. Markmið félagsins er að auka iðkun íþróttá og efla félagsþroska félaga sinna.

3. Félagsaðild

3.1. Félagar geta allir orðið sem samþykktir lög þessi og heita að fylgja samþykktum félagsins gerðum á almennum félagsfundum eða stjórnarfundum. Þegar um er að ræða börn undir 18 ára aldri, sem vilja ganga í félagið, skal foreldri eða ábyrgðamaður einnig ganga í félagið og sinna félagslegum skyldum fyrir barnið. Hver sá er ganga vill úr félaginu, sendi skriflega úrsagnabeiðni til stjórnar félagsins.

4. Aðalfundur

4.1. Aðalfundur skal haldið árlega fyrir lok júlí ár hvert. Aðalfundur fer með æðsta vald félagsins en í umboði hans framkvæmir sú félagsstjórn sem á honum er kosin, samþykktir hans, gætir að félagar haldi lögum og vinni að málefnum félagsins. Komi upp ágreinismál milli félagsmanna skal það tekið fyrir í félagsstjórn.

4.2. Verkefni aðalfundar

1. Formaður setur aðalfund og tilnefni fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Reikningar fyrra árs, fjárhagsáætlun næsta starfsárs og félagsgjöld borin undir atkvæði.
4. Tillögur frá stjórn og félögum.
5. Önnur mál.
6. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda.
7. Kosning deildarstjórna og nefnda.
8. Fundarslit.

4.3. Þeir einir hafa atkvæðisrétt á aðalfundi félagsins sem sótt hafa skriflega um félagsaðild, eru skuldlausir við félagið á aðalfundi og eru 18 ára eða eldri.

4.4. Boða skal til aðalfundar með auglýsingu birtri á starfsstöð félagsins og á heimasíðu félagsins (<http://www.gerpla.is>) með minnst fjórtán daga fyrirvara og í fjölmiðlum samdægurs og aðalfundur fer fram. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað og meirihluti félagsstjórnar er mættur.

4.5. Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæðisbærra félaga úrslitum mála.

4.6. Lögum félagsins verður eigi breytt nema á aðalfundi og þarf breytingartillaga að hljóta $\frac{3}{4}$ atkvæða fundarins, til þess að ná fram að ganga.

5. Félagsstjórn

5.1. Aðalfundur skal kjósa félagsstjórn er fer með æðstu stjórn félagsins milli aðalfunda. Stjórnarkjóri skal haga þannig að fyrst skal kjósa sérstaklega formann, þá ritara og síðan fjármálastjóra. Stjórn félagsins skal skipuð minnst sex mönnum og kys aðalfundur þá. Þeir sem gefa kost á sér til stjórnarsetu skulu tilkynna það skriflega til stjórnar Íþróttafélagsins Gerplu eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar.

5.2. Aðalfundur má kjósa 3-7 menn til vara í félagsstjórn.

5.3. Félagsstjórn kys varaformann á fyrsta stjórnarfundum.

5.4. Félagsstjórn tekur allar ákvarðanir er varða fjárhag félagsins. Stjórn ber sameiginlega ábyrgð á öllum ákvarðanatökum. Falli atkvæði jöfn á afgreiðslu innan stjórnar, sker atkvæði formanns úr. Meiri hluti stjórnar getur skuldbundið félagið.

6. Deildarstjórnir

6.1. Hjá félaginu skal starfa stjórn fyrir hverja íþróttagrein, sem starfrækt er. Í deildarstjórn skulu starfa 3-5 fulltrúar eftir stærð viðkomandi íþróttagreinar, þannig að deild með færri en 200 iðkendur hafi 3ja manna stjórn, en fjölmennari deild hafi 5 manna stjórn.

6.2. Fulltrúi deildar í félagastjórn er jafnframt einn af stjórnendum viðkomandi deildar.

6.3. Auk fulltrúa í félagsstjórn kýs aðalfundur tvo til fjóra menn í stjórn hverrar deildar. Aðalfundur skal kjósa sérstaklega formann fyrir hverja deildarstjórn úr hópi þeirra sem kosningu hafa hlotið. Á aðalfundi er heimilt að kjósa 2-4 menn til vara í deildarstjórnir.

6.4. Félagsstjórn er heimilt að skipa menn í stjórn og varastjórn deildar takist ekki að fullskipa hana á aðalfundi og eða ef Félagsstjórn telur að það sé til hagsbóta fyrir starf deildarinnar að fleiri fulltrúar sitji í stjórn viðkomandi deildar.

7. Allsherjafundir

7.1. Allsherjafundir eru fundir félagsstjórnar með öllum deildarstjórnnum og starfandi nefndum. Félagsstjórn er skylt að halda minnst tvo allsherjafundi á hverju starfsári. Skal annar haldinn á vorönn og hinn á haustönn.

7.2. Á allsherjafundi skal ræða þau mál, sem sameiginleg eru deildum félagsins.

7.3. Félagsstjórn boðar til allsherjafunda, en einstakar deildarstjórnir geta óskað eftir slíkum fundum ef ástæða er til. Boða skal til allsherjafundar með minnst viku fyrirvara, en eigi síður en tveimur vikum eftir að ósk berist frá deildarstjórn.

8. Fjármál

8.1. Félagið aflar tekna með:

1. Félagsgjöldum.
2. Æfingagjöldum.
3. Fjáröflunum og frjálsum framlögum.
4. Framlögum frá opinberum aðilum.

8.2. Reikningsár félagsins er frá 1. júní ár hvert til 31. maí næsta árs.

8.3. Við uppfærslu á bókhaldi félagsins skal ætíð halda aðskildum rekstrarreikningi hinna ýmsu íþróttagreina svo og rekstri eigna- og skrifstofuhalds. Við gerð fjárhagsáætlana skal við það miðað að hver íþróttagrein afli tekna til að bera kostnað af starfsemi greinarinna.

8.4. Aðalstjórn ákveður æfingagjöld.

8.5. Félagsstjórn semur um kjör þjálfara sem og annarra starfsmanna félagsins.

8.6. Sérhverri deild er heimilt að afla tekna með sjálfstæðri fjáröflun. Fjáröflun deildar sem byggir á notkun og/eða aðstöðu félagsins þarf að hljóta samþykki félagsstjórnar.

8.7. Félagsstjórn ráðstafar styrkjum sem félagið fær.

8.8. Stjórn félagsins varðveitir eignir þess.

8.9. Verði félagið lagt niður renna eignir þess til íþróttahreyfingar Íslands. Með þessu falla úr gildi öll eldri lög félagsins og reglugerðir tengdar þeim.